

Ed.

625. Nefndarálit

[123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið til viðræðna Baldur Möller ráðuneytisstjóra í dómsmálaráðuneytinu. Benti hann á að varhugavert gæti verið að setja svo stutta fresti sem fram kemur í 4. og 5. gr. frv. Jafnframt upplýsti hann að verið er að vinna að endurskoðun laganna.

Nefndin er sammála um að leggja til að fella niður 4. og 5. gr. frv., gerir tillögu um það á sérstöku þingskjali, og mælir með samþykkt frv. þannig breytts.

Alþingi, 22. maí 1980.

Salome Þorkelsdóttir,
form., frsm.

Jón Helgason.

Egill Jónsson.

Ey. Kon. Jónsson.

Eiður Guðnason.

Stefán Jónsson.

Stefán Guðmundsson.